

57

5. maí

116. gr.  
Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera frekari kröfur til tryggingar þrífnaði, heilbrigði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, varðandi hvert einstakt atriði, enda séu þær kröfur í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði og almennt viðurkenndar þrífnaðar- og heilbrigðisreglur.

Fyrirmæli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar birtir heilbrigðisnefnd, eftir því sem á stendur, með almennri auglýsingu eða skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra, sem í hlut eiga.

117. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál.

118. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 3000.00 kr., ásamt visitöluálagningu lögum samkvæmt. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, ef þörf gerist með lögtaki.

119. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

120. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum.

Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt nr. 66 15. júlí 1920, ásamt síðari breytingu á henni.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 5. maí 1955.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

58

4. maí

## REGLUGERÐ

barnavernd í Hafnarfirði.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannaferi eftir klukkan 20 að kvöldi á tímabilinu frá 20. sept. til 15. apríl og eftir klukkan 22 frá 15. apríl til 20. sept., nema í fylgd með fullorðnum.

Börn á aldrinum 12—14 ára mega ekki vera á almannaferi eftir klukkan 22 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl og ekki eftir klukkan 23 á tímabilinu frá 1. apríl til 15. sept., nema í fylgd með fullorðnum.

Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

## 2. gr.

58

Unglingum innan 16 ára eru bannaðar óþarfa ferðir út í skip, sem liggja við 4. maf bryggju eða á höfninni.

## 3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, öldrykkjustöðum og knattþórðstöðum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir klukkan 21, nema í fylgd með fullorðnum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara fyrirtækja ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang og hafist þar ekki við.

## 4. gr.

Engar kvikmyndasýningar, leiksýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

## 5. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

## 6. gr.

Bannað er að selja unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það um hönd.

## 7. gr.

Barnaverndarnefnd er heimilt að banna börnum að annast blaðsölu, dreifingu blaða og útburð bréfa, ef henni þykir ástæða til.

## 8. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að skemmta á samkomum, þar sem aðgangseyris er krafizt, án sérstaks leyfis barnaverndarnefndar.

Foreldrar viðkomandi barna og forráðamenn skemmtana bera ábyrgð á, ef út af þessu er brugðið.

## 9. gr.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að ákveða, að unglingar 12—16 ára skuli bera aldursskirteini.

## 10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta menn réttindum samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, ef miklar sakir eru.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 4. maí 1955.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*